

100. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þann 30. ágúst 2004 kl. 18:00 í tónlistarskólanum. Mætt voru Elísabet Björgvinsdóttir, Sævar Harðarson, Margrét Ásgeirsdóttir og Hafsteinn Sigurðsson.

Dagskrá fundarins: 1. Starfið í vetur.
2. Önnur mál.

1. Starfið í vetur.

Starfið er komið í fullan gang og verið að fínþússa stundatöflur. Allir sem sóttu um á málmblásturshljóðfæri fengu inngöngu og eru einnig sjö nýjir nemendur. Allir eldri nemendur sem sóttu um fengu inngöngu.

Svæðaðing tónlistarskóla á Vesturlandi og Vestfjörðum verður haldið 17.-18. september á Ísafirði og munu þrír kennarar fara frá tónlistarskólanum.

Hafsteinn ræddi um nýja námsskrá fyrir tónlistarskóla sem tók gildi á þessu ári.

Alls eru 47 nemendur á biðlista eftir námi sem á eftir að fara betur í gegnum.

Rætt var um starfið framundan hjá lúðrasveitinni.

2. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 19:15.

Sævar Harðarson (sign.),
Hafsteinn Sigurðsson (sign.),
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),
Elísabet Björgvinsdóttir (sign.).